

Alþingi
Erindi nr. P 139/133S
komudagur 14. 2. 2011



Alþingi-nefndasvið
bt. Iðnaðarnefndar
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík
ICELAND

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinhuld@fornleifavernd.is

Reykjavík 11. febrúar 2011

Tilvísun: Fvr 2011020003 /KHS

Efni: Frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, þskj. 508 - 382 mál.

Að beiðni Fornleifaverndar ríkisins hefur stofnuninni verið sent til umsagnar frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, þskj. 508 - 382 mál.

Stofnunin óskar eftir að vekja athygli á eftirfarandi:

Í umsjón og eigu íslenska ríkisins er fjöldi fornleifastaða, fornra bygginga og sögustaða, sem fjöldi ferðamanna sækir ár hvert. Könnun, sem unnin var fyrir Ferðamálastofu á síðasta ári, leiddi í ljós að 32% þeirra ferðamanna sem komu til landsins 2010 komu vegna áhuga á íslenskri menningu og sögu (sjá: Rögnvaldur Guðmundsson, 2010. *Erlendir ferðamenn á Íslandi sumarið 2010 og samanburður við sumrin á undan*. Rannsóknir & Ráðgjöf ferðapjónustunnar ehf, nóvember 2010. Sótt 10. febrúar 2011 á vefslóðina: <http://www.ferdamalastofa.is/Research.mvc/Material/368>).

Í frumvarpi því um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, sem er hér til umfjöllunar, er einungis vísað til náttúrustaða og þjóðgarða og uppbyggingar á slíkum stöðum. Horft er fram hjá 17. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 um að skylt sé að viðhalda friðlýstum fornleifum á kostnað ríkissjóðs.

Á Íslandi er fjöldi friðlýstra fornleifa, sem margar eru vinsælir áfangastaðir ferðamanna. Meðal þeirra eru Stöng í Þjórsárdal, Snorralaus í Reykholti, Skálholt, Skriðuklaustur og Húshólmi í Ögmundarhrauni, en þar hefur hraun runnið í kringum skála frá upphafi Íslandsbyggðar og varðveitt útlínur skálans og stoðir sem hafa haldið uppi þaki hússins. Um er að ræða mjög viðkvæmar minjar, nálægt hinum nýja Suðurstrandarvegi og er nauðsynlegt að tryggja þennan einstaka minjastað með bættu aðgengi fyrir ferðamenn. Þá eru ónefnd ógrynni af friðlýstum leiðum, brúm, vatnsvöðum, kláfum, vörðum og vegum sem ferðamenn fara um (sjá. 9. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001).

Þrátt fyrir að ákvæðið um viðhald friðlýstra fornleifa á kostnað ríkissjóðs eigi rætur sínar að rekja til ársins 1947 (*Lög um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn nr. 8/1947*), þá

hefur minjaverndinni ekki enn verið tryggt fjármagn til að lagfæra minjastaði sína og gera þá aðgengilega fyrir ferðamenn.

Í þjóðgörðum Íslands eru hundruð fornleifa, jafnt friðaðra sem friðlýstra, og eru þær í umsjón Fornleifaverndar ríkisins. Stofnunin væntir þess að tryggt verði að hluta fjármagnsins sem verður í framkvæmdasjóði ferðamannastaða verði varið til að viðhalda þeim minjum og til að bæta aðgengi að þeim. Vakin er athygli á að alla slíka vinnu við fornleifar ber að vinna undir umsjón Fornleifaverndar ríkisins sbr. lög nr. 107/2001.

Til að tryggja tengsl milli þjóðgarða og fornleifaverndar og tryggja varðveislu fornleifa situr forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins m.a. í ráðgjafanefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Heimsmínjanefnd UNESCO samþykkti árið 2004 að menningarlandslagið innan þjóðgarðsins á Þingvöllum yrði samþykkt sem heimsmínjar. Stjórnsýsla varðandi fornleifarnar er á höndum Fornleifaverndar ríkisins. Þá er vert að benda á að nú er unnið að raðtilnefningu minja frá Víkingaöld í ýmsum Evrópulöndum inn á heimsmínjaskrá UNESCO. Fornleifar innan þjóðgarðsins á Þingvöllum eru framlag Íslands til verkefnisins, sem Fornleifavernd ríkisins stýrir í umboði mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs frá 10. maí 2009, er m.a. lögð áhersla á að aukin rækt verði lögð við uppbyggingu og markaðssetningu menningarferðaþjónustu.

Þær staðreyndir sem greint hefur verið frá hér að framan gera að Fornleifavernd ríkisins hefði fundist ástæða til að leitað hefði verið til stofnunarinnar og til fagráðuneytis fornleifamála, mennta- og menningarmálaráðuneytis, þegar unnið var að undirbúningi frumvarps til laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Það er oftast en ekki erfitt að fjalla um íslenska ferðamannastaði án þess að fjalla einnig um fornleifar, sem ýmist eru á stöðunum eða tengja þá saman. Þetta kom m.a. í ljós á fundi um náttúruvernd og ferðaþjónustu, sem haldin var á vegum iðnaðar- og umhverfisráðuneyta 18. nóvember 2010, en þar minntust allir fyrirlesararnir á fornleifar í fyrirlesturum sínum um náttúruminjastaði. Það er því sérstakt að horft skuli framhjá fornleifum í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar.

Hér á eftir fara athugasemdir Fornleifaverndar ríkisins við einstakar greinar frumvarpsins:

Í **1. gr.** þar sem gerð er grein fyrir markmiði og hlutverki framkvæmdasjóðs ferðamannastaða má telja eðlilegt að bæta í greinina að hann sé einnig ætlaður til uppbyggingar, viðhalds og verndunar á **fornleifastöðum sem ferðamenn sækja heim**. Um allt land, í tengslum við fjölda náttúruminjastaða eru einnig fornleifar, jafnt friðaðar sem friðlýstar. Halda þarf þessum minjum við, bæta aðgengi að þeim og verja ágang við minjarnar með stíga- og pallagerð, merkja minjarnar til glöggvunar fyrir ferðamenn og bæta hreinlætisaðstöðu nálægt minjunum.


Í **7. gr. ákvæðum til bráðabirgða** er kveðið á um að Iðnaðarráðherra skuli standa fyrir mati á framkvæmd laganna sem ljúka beri fyrir árslok 2013. Hann skuli hafa samráð við umhverfisráðherra og helstu hagsmunasamtök í ferðaþjónustu og umhverfismálum við þá vinnu.

Hér má telja eðlilegt að haft sé einnig samráð við Fornleifavernd og fagráðherra menningarmála, þ.e. mennta- og menningarmálaráðherra.

Við 7. gr. , athugasemdir við lagafrumvarp þetta, eru gerðar eftirfarandi athugasemdir: Í innganginum kemur fram að frumvarpið hafi verið samið í iðnaðarráðuneytinu að höfðu samráði við fjármálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti, samtök ferðaþjónustunnar, Ferðamálastofu, ferðamálaráð, Umhverfisstofunun og Þjóðgarðinn á Þingvöllum. Hér telur Fornleifavernd ríkisins að eðlilegt hefði verið að hafa samráð við þá stjórnsýsluaðila sem hafa umsjón með minjastöðum og fagraðuneyti málaflokksins, mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Í rannsókn sem gerð var árið 2002, og fjallaði m.a. um gestafjölda í Þjórsárdal, var áætlað að um 60 þúsund gestir kæmu það árið til að skoða fornleifarnar í Stöng og/eða Þjóðveldisbæinn (Rögvaldur Guðmundsson, 2002. *Gestafjöldi og gistinætur í Þjórsárdal*. Rannsóknir & Ráðgjöf Ferðaþjónustunnar). Könnun sem Fornleifavernd ríkisins gerði árið 2010 leiddi í ljós að 85% erlendra ferðamanna og yfir 50% íslenskra ferðamanna, sem komu til að skoða fornleifarnar í Stöng, voru langskólagengnir. Í könnun sem gerð var fyrir Ferðamálastofu 2010 og vísað er til hér fyrir í skjalinu, kemur einnig fram að meiri hluti erlendra ferðamanna sem koma til Íslands eru vel menntaðir. Slíkir ferðamenn sækja ekki einungis í náttúruna, ef annað áhugavert er í boði. Flestir þeirra hafa einnig áhuga á menningu þeirra þjóða sem þeir sækja heim. Þau viðbrögð sem fengist hafa í könnunum Fornleifaverndar ríkisins sýna að það er sóknarfæri í menningarferðaþjónustu sem nýtir fornleifar. Fornleifavernd ríkisins hvetur til þess að ferðamönnum verði á komandi árum gert kleift að skoða og skilja túlkun á fornleifum á vettvangi, með því að varðveisla og viðhald slíkra staða sé tryggð, m.a. með ákvæðum í frumvarpi til laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Virðingarfyllt


Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður